



Morgunblaðið/Einar Falur

Birtuglíma „Ég vinn mikið með minnið og þegar verkin fara að taka á sig mynd þá vilja hlutföll breytast og mótast; hvert verk kallar á sína nálgun,“ segir Guðbjörg Lind. Hún er hér í sýningarsalnum við Baldursgötu.

Landslagsverk með rætur á Vestfjörðum

● Guðbjörg Lind sýnir í Tveimur hröfnum listhúsi

Einar Falur Ingólfsson
efi@mbl.is

Þetta landslag sem birtist í verkunum á allt rætur á Vestfjörðum,“ segir Guðbjörg Lind myndlistarkona þegar hún sýnir blaðamanni málverkin á sýningunni sem hún opnar í Tveimur hröfnum listhúsi, Baldursgötu 12, í dag, föstudag, klukkan 17. Það er þokuloft í marglaga málverkunum, horft er út djúpa firði, fram á tanga og á eyjar, síðan tekur móska eða dularfullt mistur við og byrgir sýn að sjóndeild. Eitt verkið sker sig úr, hvað myndefnið varðar; það sýnir vegg í gamalli stofu og á honum lítil mynd af skipi á hafi. Þrátt fyrir annað myndefni talar það á áhugaverðan hátt við landslagið í kring.

„Hér er einfaldlega útsiglingin úr Skutulsfirði, frá Ísafirði, eins og ég upplifi hana,“ segir Guðbjörg Lind og bendir á eitt málverkið. „Ég vinn mikið með minnið og þegar verkin fara að taka á sig mynd þá vilja hlutföll breytast og mótast; hvert verk kallar á sína nálgun.“

Hún er fædd og uppalin á Ísafirði þannig að þetta er myndheimur sem hún ber með sér, í blóðinu og huganum. „Síðustu tíu árin hef ég aftur verið mikið fyrir vestan. Ég hef sest að á Þingeyri að hluta. Það var gamall rómantískur draumur að eignast þínulítið hús á Ísafirði, af því varð

ekki en svo gerðist það að við maðurinn minn gistum eitt sumarið í gömlu húsi á Þingeyri. Um haustið var það auglýst til sölu og þá fannst mér sem tækifærið væri komið, enda er Dýrafjörðurinn einstaklega fallegur og yndislegt að dvelja þar. Við sátum í súpunni þegar tilboðinu var tekið,“ segir hún og hlær.

Í tengslum við myndefnið

Guðbjörg Lind vinnur því bæði að verkum sínum á Þingeyri og í Reykjavík og segir vissulega nokkurn mun á vinnuumhverfinu.

„Hér í Reykjavík tekur mig oft nokkurn tíma að ná tengingu við verkin, áreitið er meira, en fyrir vestan er ég á staðnum og í beinum tengslum við myndefnið,“ segir hún.

Í upphafi ferilsins skapaði Guðbjörg Lind iðulega verk sem byggðust á ótölulegum tilbrigðum við fossa í landslagi. Síðar tóku við myndir þar sem eyjar í hafi voru áberandi en það er greinilegt hvaða áhrif landslag Vestfjarða hefur nú á skynjun hennar og sköpun.

„Já, ég er í miklum tengslum við myndefnið og þær hugmyndir sem leita á mig,“ segir hún.

„Ég hef oft gengið upp á Sandafellið sem er ofan við húsið á Þingeyri og horfi þar út. Birtan er svo síbreytileg og áhugaverð, það heillar mig og glíman við málverkin snýst líka á sinn hátt um að ná þessu ljósi.

„Það er lítið mál að vera einn með náttúrunni á Vestfjörðum.“

Þessi þoka, mystískt andrúmsloftið í verkunum; er það þoka minninga eða „Vestfjarðapokan“?

„Það er eins og einhver gamall tími birtist í myndunum,“ segir hún og horfir hugsu á stórt málverk andspænis okkur, móska- og draumkennt. „Þetta mistur var fyrir hendi í fossaverkunum mínum en mér finnst það nú þjóna öðru hlutverki, það er eins og spurning um tíma. Þetta gerist í vinnslunni og með hverri umferð af málningu er sem ég hlaði ákveðnum tíma – eða tímaleyssi – á verkið.“

Stundum er eins og við séum að horfa á landslag en á stundum er eins og einskona fortíð sé myndefnið.“

Hún segir vinnubrögðin við málverkin gamaldags, pensildrættirnir eru litlir, hún vinnur fast og hvert lag er þunnt. Nuddar litnum á. „Það fer ekki mikið af lit í verkin en ég eyði upp mörgum penslum,“ segir hún og hlær.

Heillar glíman við málverkið alltaf jafn mikið?

„Jafn mikið?“ spyr hún á móti. „Hún heillar mig sífellt meira og meira. Ég geri fleira í listinni en málverkið er garðurinn minn sem ég er að rækta. Maður er aldrei búinn með verkið og það er mikil og spennandi áskorun.“